



Félagsferð GM til Sueno Golf Resort í Belek, Tyrklandi frá 20.-29. okt 2026

Flogið verður í beinu leiguflugi Icelandair til Antalya, Tyrklandi sem er um 30 km frá Sueno Resort. Ferðin er í heildina er 9 nætur og eru flugtímar hér að neðan staðartímar. Flugtími er rúmlega 6 tímar og tímamismunur á Antalya eru +3 tímar.

Dagur	Flugnúmer	Brottför	Tími	Koma	Tími
20. okt	FI1504	Keflavík	07:20	Antalya	17:00
29. okt	FI1505	Antalya	12:00	Keflavík	15:25

Hótel

[Gist er á Sueno Deluxe hótelinu í Belek.](#) Öll herbergi eru Deluxe herbergi með sjávarútsýni. Sueno Deluxe er 5 stjörnu hótél með miklu úrvali af veitingarstöðum, börum, útisvæðum og afþreyingu, hótelið liggur við strönd skammt frá golfvöllum. Mikið úrval af mat er í aðal matsalnum þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Einnig er stór mathöll í sundlaugagarði. A la Carte staðir eru 4 talsins; ítalskur, asískur, mexíkóskur og tyrkneskur og er aukakostnaður á þessa staði 10 evrur á mann.

Spa

Mjög stórt Spa er á hótelinu sem býður uppá 5 gufuböð, 6 saunur, 6 tyrknesk böð og 25 meðferðarherbergi. Einnig er stór líkamsrækt og er aðgangur af þessu öllu innifalið í pakkanum. Það eru 300 fm og 50 fm upphitaðar innilaugar og 130 fm upphituð útilaug ásamt hvíldarherbergi. Í Spa-inu eru auka meðferðir s.s. nudd, handa og fótameðferðir gegn aukakostnaði.

Golf

[Það eru tveir 18 holu golfvöllir á Sueno sem heita Dunes og Pines.](#) Hópurinn skiptist á að spila þessa velli daglega. Pines völlurinn er par 72 og 6413 metra langur og Dunes er par 69 og 5643 metrar. Báðir vellir eru „parkland“ vellir og einstaklega fallega hannaðir, brautir afmarkaðar með trjám og stórum grínum. Níunda flötin og 18. flötin á báðum völlum liggja beint fyrir framan klúbbhúsið. Í klúbbhúsinu er morgunverður og hádegismatur í boði ásamt drykkjum innifalið í pakkanum. Golfbílar eru innifaldir og rástímar í ferðinni fyrir eru hér fyrir neðan. Við gerum okkur grein fyrir því að rástímar eru snemma en minnum á að þessir tímar geta breyst fram að ferð, einnig er gott að hafa í huga að sólsetur á þessum árstíma í Antalya er um kl 18:00:

21.10.2026	12:48-14:09	PINES	40
21.10.2026	12:48-14:09	DUNES	40
22.10.2026	07:06-08:27	PINES	40
22.10.2026	07:06-08:27	DUNES	40
23.10.2026	07:06-08:27	PINES	40
23.10.2026	07:06-08:27	DUNES	40
24.10.2026	07:06-08:27	PINES	40
24.10.2026	07:06-08:27	DUNES	40
25.10.2026	11:18-14:09	DUNES	80
26.10.2026	07:06-08:27	PINES	40
26.10.2026	07:06-08:27	DUNES	40
27.10.2026	07:06-08:27	PINES	40
27.10.2026	07:06-08:27	DUNES	40
28.10.2026	07:06-08:27	PINES	40
28.10.2026	07:06-08:27	DUNES	40

26. Okt - verður boðið verður uppá síðegis skoðunarferð um Antalya. Eftir golfið munum við keyra til Antalya meðfram Lara ströndinni og fyrst heimsækja Düden fossinn. Síðan öfum við inn í borgina, njótum útsýnisins yfir Konyaalti ströndina úr vestri og keyrum svo aftur í miðbæinn. Við munum heimsækja gömlu borgina, sögulega og menningarlega staði. Svo er farið aftur á hótelið. Skoðunarferðin tekur í heildina 4-5 tíma og kostar 50 evrur á menn með þjófú, greitt með seðlum úti.

Yfirsáning (Overseeding)

Vegna verðurfars í Tyrklandi eru grín yfirsáð á hverju ári. Besti tíminn til að framkvæma sáningu er í sept-okt. Hér eru dagsetningar þar sem sáningar fara fram á Sueno:

Pines völlum 19.- 27. september og Dunes völlum 1.-12. október. *ATH golfbílar eru ekki leyfðir 7 daga eftir opnun golfvalla í vetrarsáningu. Vellirnir eru um 10 daga eftir opnun að komast í gott stand. Þetta ætti því ekki að hafa nein teljandi áhrif á ykkar ferð.*

Verð og Innifalið

Innifalið:

- Beint leiguflug til og frá Antalya með Icelandair
- Innrituð taska 23 kg og golfsett 15 kg ásamt 10 kg handfarangri
- Gisting á Sueno Deluxe í Deluxe herbergjum með sjávarsýn
- 8 golfhringir með golfbíl á Sueno Dunes og Pines völlum
- *Allur matur og drykkir innifaldir á hóteli og klúbbhúsi (Buggybar á golfvelli ekki innifalinn)
- Akstur til og frá flugvelli
- **Aðgangur að Spa og líkamsrækt
- Íslensk fararstjórn Icelandair VITA / Peter Salmon Golf

*Aukakostnaður á A la Carte stöðum á hóteli er 10 evrur á mann. Þeir eru 4 talsins; ítalskur, asískur, mexíkóskur og tyrkneskur. Einnig er aukagjald gegn dýrari vínnum t.d. gömlu vískí o.s.frv.

** Aukakostnaður á meðferðum s.s. nuddi, hand og fótasnyrtingum.

Verð:

529.900 kr á mann í tvíbýli

619.900 kr í einbýli